

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir endurskoðun nýju sálma-bókarinnar.

1868.

24. marz.

Í bréfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að til þess að verða við almenntri ósk manna um, að nýr viðbætur við hina íslensku evangelisk-kristilegu sálma-bók, sem gefinn var út árið 1861 sér á parti, verði tekinn í sálma-bókina, hafið þér, háæruverðugi herra, fengið síra Ólaf Pálsson, prófast og dómkirkju-prest, og síra Stefán Thorarensen, sóknarprest að Kálfatjörn, til þess undir umsjón yðar að koma skipulagi á sálmasöfn þessi og velja úr nýja sálma, og hafið þér, sökum þess að nú þegar hefir verið varið talsverðum tíma og ómaki til starfa þessa, og enn mun þurfa að verja tíma til hans, áður hann sé fullgjörður, mælt fram með, að verja megi 100 rd. af efnum prentsmiðjunnar í Reykjavík, sem ætlað er til að gefi sálma-bókina út, og sem væntanlega mun hafa gróða af því, til þess að skipta þeim milli síra Ólafs prófasts Pálssonar og síra Stefáns Thorarensens, sem þóknun fyrir starfa þeirra; en aptur á móti viljið þér, háæruverðugi herra, ekki hafa neina þóknun fyrir ómak yðar í þessu efni. Að endingu hafið þér mælt til, að megi láta hreinskrifa handritið á kostnað landsprentsmiðjunnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst hérmeð á uppástungur yðar í þessu efni.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu megi flytja bústað sinn til Reykjavíkur.

25. marz.

Með bréfi dagsettu 3. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Clausen, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um að hann megi flytja búferlum